

Mál nr. 215/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við heimtu eftirstöðva kaupverðs fasteignar.****Gögn.**

102. Málskot, móttakið 3.6.2013, ásamt fylgigögnum.

103. Bréf X, dags. 26.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var eigandi fasteignarinnar A. Með kaupsamningi 12.10.2011 seldi M eignina og var hún afhent kaupendum 1.12.2011. Kaupendur inntu ekki af hendi lokagreiðslu kaupverðs hinn 1.7.2012 og hyggst M innheimta hana í dómsmáli á hendur kaupendum.

M leitaði eftir viðurkenningu á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá X vegna þess kostnaðar sem kynni að hljóta af málarekstrinum. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda, en samkvæmt því bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. M hefur ekki fallist á skýringar X þar sem dómsmálið muni varða hana sem seljanda fasteignar en ekki eiganda.

Álit.

Samkvæmt gr. 25.1 í fyrrgreindum vátryggingarskilmálum bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Nokkur tilvik eru hins vegar undanþegin bótaskyldu, þ. á m. málskostnaður sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar, sbr. fyrrgreint ákvæði í gr. 25.9. M var eigandi A og í þeirri stöðu var hún þegar kaupsamningur um eignina var gerður. Fyrirhugað dómsmál lýtur að vanefndum kaupendanna á kaupsamningnum. Aðild M að dómsmálinu er því til komin vegna eignarhalds hennar á A jafnvel þótt hún hafi verið seljandi eignarinnar og áhætta af eigninni hafði við afhendingu flust yfir á kaupendur. Afsal fyrir eigninni átti að gera sama dag og greiða átti lokagreiðsluna. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvenær ágreiningur reis með M og kaupendum sem er forsenda þess að bætur greiðast úr málskostnaðartryggingunni. Að öllu virtu verður að líta svo á að kostnaður sem af málinu kann að hljóta varði M sem eiganda A. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum bætist kostnaður vegna dómsmáls á hendur kaupendum því ekki úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.